

Mál nr. 60/2014
M og
Vátryggingafélagið V v. forfallatryggingar

Ágreiningur hvort forföll hefðu orðið fram að brottför til Orlando frá heimili þ. 14.5.2013.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ.21.2.2004.
2. Bréf V dags. 5.3.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-4

Málsatvik.

M keypti farmiða frá Keflavík til Orlando þ. 14.5.2013 og hugðist ferðast frá heimili sínu í Reykjavík og aftur til baka að ferð lokinni. M heldur heimili á tveim stöðum annars vegar í Edinborg í Skotlandi og hinsvegar í Reykjavík. Í umrætt sinn fór M frá heimili sínu í Skotlandi þ.2.5. til Íslands og dvaldi á heimili sínu í Reykjavík frá þeim degi og ætlaði að fara þaðan í ofangreinda ferð þ. 14.5.2013. Ekki varð af ferðinni til Orlando vegna veikinda M. M krefst þess að fá endurgreiðslu ferðakostnaðar úr forfallatryggingu þar sem hann greiddi ferðina með Amex korti. M vísar til þess að hann eigi lögheimili í Edinborg og hann búi einnig og haldi heimili í Reykjavík. M telur að hann hafi mátt ætla að forfallatryggingin gildi í umræddu tilviki frá þeim tíma að hann fór frá lögheimili sínu í Edinborg og hefði annað átt að gilda hefði þurft að taka það fram í vátryggingaskilmálum með ótvíræðum hætti. V hafnar greiðsluskyldu vegna forfallatjóns M og vísar til greinar 7.1 í vátryggingaskilmálum þar sem segir að bætur séu greiddar fram að brottför frá heimili vátryggðs. V segir að M telji Skotland sitt dvalarland og þar sé hann með skráð lögheimili og því hafi M verið farinn frá heimili sínu í umrætt sinn í þá verð sem hér um ræðir þegar hann fór frá Skotlandi til Íslands.

Álit.

M er með skráð lögheimili í Skotlandi og skráning vegna kaupa á farmiða til Orlando eru á heimili hans í Skotlandi. Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um heimli M í Reykjavík nema fullyrðingar hans sjálfs. Ljóst er að M lagði af stað frá heimili sínu í Skotlandi nokkru fyrir fyrirhugaða ferð til Orlando og nokkru áður en hann forfallaðist með þeim hætti að hann gat ekki farið frá Íslandi til Orlando. Miðað við fyrirliggjandi gögn liggur ekki annað fyrir en að M hafi verið farinn frá heimili sínu í umrædda ferð áður en til forfalla kom og á hann því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V sbr. ákvæði í tl. 1.1. og 7.1. í vátryggingaskilmálum þeim sem um ræðir í máli þessu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.3.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.